




Leiðbeiningar um merkingar leiksvæða



Mars 2025

Útgefandi: Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer: UOS-2025:07

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.uos.is

1 Leiðbeiningar um merkingar leiksvæða

1.1 Lagagrundvöllur

Leiðbeiningar þessar eru útbúnaðar samkvæmt reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi barna og annarra í leik og umgengni við þar til gerð leikvallatæki eða leiksvæði með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt. Reglugerðin er sett á grundvelli 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og markaðsgæslu.

Reglugerðin gildir um öryggi leiksvæða, leikvallatækja og annarra tækja sem börn nota til leikja á skipulögðum leiksvæðum og eftirlit með þeim, hvort sem um er að ræða tímabundna starfsemi eða til frambúðar. Reglugerðin gildir einnig um skapandi leiksvæði.

Í 2. mgr. 7. gr. sem fjallar um umhverfi, segir: *Hvert leiksvæði skal merkt með sýnilegum hætti með t.d. nafni, heimilisfangi og auðkennisnúmeri svæðis. Nánari ákvæði um innihald merkinga leikvallasvæðis skal vera í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.*

1.2 Skilgreining

Leiksvæði er svæði, hvort sem er innan dyra eða utan, skipulagt fyrir leik barna svo sem í eða við leikskóla, grunnskóla, gæsluvelli og opin leiksvæði. Einnig leiksvæði annarra aðila þar sem börn eiga greiðan aðgang að eða sem er ætlað börnum svo sem í eða við fjöleignarhús með sameiginlegu svæði, þjónustusvæði frístundahúsa, tjaldsvæði, skapandi leiksvæði, í verslunarhúsnæði, á veitingastöðum og samkomustöðum.

Í byggingarreglugerð nr. 112/2012 falla leiksvæði undir ákvæði um opin svæði.

1.3 Ábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á að leiksvæði sé í samræmi við ákvæði reglugerðar og að innra eftirlit með öryggi á leiksvæðum sé virkt.

1.4 Leiðbeiningar

1.4.1 Merking leiksvæðis

Til að auka öryggi notenda er gert ráð fyrir að öll leiksvæði hafi nafn og auðkenni eða landnúmer.

Megintilgangur merkingar er að auka öryggi og tryggja upplýsingagjöf til Neyðarlínu í neyðartilfellum ef kalla þarf eftir aðstoð. Þannig ætti merking leiksvæðis að segja til um nafn leiksvæðis, heimilisfang eða auðkennisnúmer. Æskilegt er að rekstraraðilar setji GPS-punkt á skiltið til staðgreiningar fyrir neyðarbíla, í samráði við neyðarþjónustu sveitarfélags.

Merkingu leiksvæðis ber að setja upp í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Tryggja skal við gerð og uppsetningu skilta að almenningi stafi ekki hættu af þeim og þau valdi ekki tjóni á öðrum eignum. Útstæð skilti skulu vera minnst 4,20m yfir akbraut, akfærum stígum eða bílastæðum og a.m.k. 2,60 m yfir göngustígum og gangbrautum

1.4.2 Merkja skal gangstíga að leiksvæðinu

Aðkomuleiðir að leiksvæðum eru oft um göngustíga og ber að merkja sérstaklega þar sem gönguleið skal nýtt sem aðkomuleið neyðarbíla og sorpbíla.

Huga skal að merkingum fyrir blinda og sjónskerta við afmörkun gönguleiða, t.d. með litbrigðum og/eða með breytingum á gerð yfirborðsefnis og viðeigandi frágangi vegna umferðar hjólastóla.

Allar merkingar skulu vera skýrar, greinilegar og auðlesnar. Æskilegt er að mikill litamismunur sé á milli bakgrunns og skiltis. Þá er auðveldara að sjá skiltið úr fjarlægð.

1.4.3 Merking aðkomuleiða neyðarbíla

Í reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 250/2024 kemur fram skiltið 142 Börn. Merki þetta ber að nota þar sem nauðsynlegt þykir að ökumenn sýni sérstaka aðgæslu t.d. í grennd við skóla, leikvelli eða aðra slíka staði þar sem vænta má ferða barna.



Skilti 142 - Börn

Við rekstrarúttekt þarf skoðunaraðili að ganga úr skugga um hvort leiksvæðið sé merkt og skoða hvort aðkoma neyðarbíla að svæðinu sé óhindruð.



Dæmi um merkingu leiksvæðis

2 Ítarefni

Reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim
<https://island.is/reglugerdir/nr/1025-2022>

Byggingarreglugerð nr. 112/2012 , kafli 2.5 Skilti
<https://island.is/reglugerdir/nr/0112-2012>

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.3.2.2
<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/18558>

Leiðbeiningar HMS, 6.2.2 Aðkomuleiðir og umferðarsvæði innan lóðar
<https://reglugerd.kreatives.is/wp-content/uploads/2022/04/622-adkomuleidir-og-umferdarsvaedi-innan-lodar-15>

Leiðbeiningar HMS, 6.2.3 Algild hönnun aðkomu að byggingum
<https://reglugerd.kreatives.is/wp-content/uploads/2022/04/623-algild-honnun-adkomu-ad-byggingum-35.pdf>

Reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra
<https://island.is/reglugerdir/nr/0250-2024>